

Þriðjudaginn 9. desember 1947.

Nr. 97/1947. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Brynjólfi Jónatanssyni (Hrl. Ragnar Jónsson)

Manndráp af gáleysi. Brot gegn löggjöf um umferð.

Dómur hæstaréttar.

Atvikum málsins er rétt lýst í héraðsdómi, og ber eftir þar greindum lagaboðum að dæma ákærða refsingu, er þykir hæfilega ákveðin varðhald 5 mánuði. Samkvæmt 68. gr. laga nr. 19/1940 og 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir rétt að svipta ákærða ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestist. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Brynjólfur Jónatansson, sæti varðhaldi 5 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Gústafs A. Sveinssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. júní 1947.

Ár 1947, mánudaginn 30. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2154/1947: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Brynjólfi Jónatanssyni, sem tekið var til dóms 16. s. m.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað

gegn Brynjólfi Jónatanssyni rafvirkja, Seljavegi 10 hér í bæ, til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. júní 1924 í Vestmannaeyjum. Þann 7. marz 1946 var hann sektaður um 100 krónur fyrir að stjórna bifreið án þess að hafa öðlazzt ökuskirteini, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt kærú né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardaginn 19. apríl s. l. um klukkan 13.40 ók ákærði fólksbifreiðinni G 180, smíðaaár 1929, austur Borgartún og austur yfir Laugarnesveg á leið að Efstasundi 64. Er hann var nýkominn inn á Sundlaugaveg, varð drengurinn Hannes Eliasson, Hrisateig 24, fæddur 11. september 1943, fyrir bifreiðinni og beið bana af. Reyndi ákærði að forða slysinu með því að hemla bifreiðina og beygja henni til vinstri, en hún stanzaði ekki fyrr en á símastaur norðan við veginn, eins og sést á uppdraetti af slysstaðnum, sem fram hefur verið lagður, rskj. nr. 2. Hemlaför saúst ekki á slysstaðnum nokkru síðar, er mælingar fóru þar fram. Ákærði var einn í bifreiðinni, þegar slysið varð, og er ekki kunnugt um nokkurn sjónarvott nema smábarn, fimm ára.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi ekið bifreiðinni á um 25 km hraða, miðað við klukkustund, austur Borgartún, en hægt svo á hraða bifreiðarinnar, þegar hann fór yfir gatnamót Laugarnesvegar og Sundlaugavegar, og minnst þess ekki að hafa aukið hraða hennar eftir þetta. Er slysið varð, telur hann hraða bifreiðarinnar hafa verið 15 til 20 km, miðað við klukkustund. Kveðst hann hafa ekið vinstra megin á akbrautinni, enda hafi strætisvagn staðið sunnan megin á Sundlaugavegi, rétt við gatnamót Sundlaugavegar og Laugarnesvegar. Ekki segir hann strætisvagninn hafa byrgt fyrir sér útsýni og minnst þess ekki, að nokkur umferð hafi verið þarna. Þegar ákærði ók fram hjá strætisvagninum, sá hann tvo litla drengi standa á miðri götu, sem næst beint út frá norðvesturhorni hússins nr. 19 við Hrisateig, á stað þeim, sem merktur er nr. 1 á uppdraettinum á rskj. nr. 2. Einnig kveðst hann hafa séð fleiri börn þarna skammt frá suðurbrún vegarins, en nánari athygli veitti hann þeim ekki. Er ákærði var að ljúka við að aka fram hjá strætisvagninum, en framendi hans snéri í vestur, segir hann annan fyrrgreindra drengja hafa farið norður yfir götuna, en hinn, sem minni var, hafi horft í áttina til bifreiðarinnar. Ekki hægði ákærði á hraða bifreiðarinnar, enda bjóst hann ekki við, að drengurinn hlypi yfir götuna, og ekki gaf hann hljóðmerki. Er bifreiðin átti um einn til tvo metra eftir til að komast fram hjá drengnum, hljóp hann fyrir-

varalaust norður yfir götuna á eftir stærri drengnum. Ákærði kveðst hafa hemlað bifreiðina strax eftir fremsta megni og beygt til vinstri, en ekki tekizt að forða slysi. Varð drengurinn fyrir bifreiðinni, sem stöðvaðist á símastaur, eins og áður greinir, og bognaði framvari hennar við það, en hvort drengurinn varð fyrir henni vinstra megin eða hægra megin, veit ákærði ekki. Hann kveðst hafa séð drenginn hverfa undir vatnskassa bifreiðarinnar, en telur ekki, að hjól hennar hafi farið yfir drenginn, eða hann dregizt með bifreiðinni, heldur hafi hann kastazt frá henni. Er bifreiðin hafði stöðvazt á síma-staurnum, fór ákærði þegar út úr henni og tók drenginn undan henni, en hann lá á milli vinstra framhjólans og síma-staursins, en var þó ekki fastur þar. Var drengurinn rænulaus eða rænulitill og lézt á leiðinni að Landspítalanum, en þangað ók móðir hans honum, og fylgdist ákærði með. Bifreiðin G 180 var ekki færð af slysstaðnum, fyrr en eftir að mælingar voru gerðar á honum.

Í krufningarskýrslu Þórarins Sveinssonar læknis segir, að útlit sé fyrir, að mikill þungi hafi lent yfir háls drengsins og brjóstíð efst, en áverki á hálsi geti valdið bráðu losti (shock) og dauða, og útlit sé fyrir, að þannig hafi verið hér.

Þegar slysið varð, var veður þurrt, og segir ákærði veginn hafa verið góðan á slysstaðnum. Hann kveðst að öllu leyti hafa verið vel fyrirkallaður, ekki verið svefnþurfi, og ekkert hafi dregið athygli sína frá akstrinum. Hemla bifreiðarinnar kveðst hann hafa hert upp nokkrum dögum áður en slysið varð, og hafi þeir verið í eins góðu lagi og hægt er að hafa þá í bifreið af þessari gerð, en þó hafi hemlar framhjóla verið í ólagi, og munu þeir hafa verið óvirkir. Eigandi bifreiðarinnar er Sveinn Jónatansson sjómaður, bróðir ákærða, en ákærði var umráðamaður hennar.

Sama daginn og slysið varð, skoðuðu bifreiðaeftirlitsmennirnir Gestur Ólafsson og Haukur Hrómundsson bifreiðina G 180 og reyndu hana í akstri. Hafa þeir gefið vottorð um ástand bifreiðarinnar, rskj. nr. 3, og borið það hér í réttinum, að sé bifreiðinni ekið á 30 til 35 km hraða, miðað við klukkustund, nemi hún staðar á 15 metra vegalengd og marki fyrir hemlaförum á malbornum vegi, en ekki á malbikuðum, þótt bifreiðin stöðvist þá á svipaðri vegalengd. Einnig reyndu þeir hemlana, þegar bifreiðinni var ekið hægar, en mældu þá ekki hemlaförin. Kveða þeir hemla bifreiðarinnar, sem eru teina-hemlar, en þeir verka ekki eins vel og vökva-hemlar, eigi hafa verið slæma, en þó ekki eins góða og hægt hefði verið að hafa þá. Þeir verkuðu jafnt á báðum afturhjólum, en voru mjög slæmir eða ekki í sambandi við framhjól bifreiðarinnar. Handhemill bifreiðarinnar reyndist með öllu óvirkur, hraðamælir hennar í ólagi og hljóðhorn bifreiðarinnar gaf ekki nægilega hveltt og glöggt hljóð. Að öðru leyti var bifreiðin í lagi.

Þar sem ákærði sá drengina tvo framundan á miðri götunni, bar

honum að gæta sérstakrar varúðar, einkum þar eð hann vissi, að hemlar framhjóla voru ekki í lagi, og hægja svo á hraða bifreiðarinnar, er hann sá stærri drenginn hlaupa yfir götuna, að hann gæti stöðvað hana þegar í stað. Þessarar varúðar gætti ákærði ekki, og þykir hann hafa ekið of hratt og ógætilega, eins og á stóð. Þetta varð meðorsök slyssins og varðar ákærða refsingu samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 26. gr. 1. og 4. mgr. og 27. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 2. gr. og 4. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Með því að hafa ekki hemla bifreiðarinnar, horn hennar og hraðamæli í lagi hefur ákærði, sem er umráðamaður bifreiðarinnar, gerzt brotlegur við 5. gr. 2. mgr., 6. gr. og 9. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir bera að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 250.00.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Brynjólfur Jónatansson, sæti varðhaldi í 3 mánuði. Hann er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. desember 1947.

Nr. 118/1947. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

Ingólfi Guðjónssyni (Hrl. Theódór B. Lindal).

Umferðarslys. Brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.